

## Fundargerð

### 16. stjórnarfundur FHA haldinn 16. september, 2010 kl. 12:30

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG) og Rúnar Gunnarsson (RG). Kristín Guðmundsdóttir ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Nýr fundartími  
Vísað til Hjördísar að finna fundartíma þar sem svo fáir stjórnarmenn voru mættir á fundinn.
2. Opinn félagsfundur  
Verður haldinn þriðjudaginn 5. október, 2010 upp úr hádegi. Fundarefni: Kynning á styrktarsjóðum BHM, Huggarðs og Félags náttúrufræðinga. Fulltrúar þessara sjóða að sunnan koma og kynna sjóðina og munu setjast niður með félögum. Sjóðir BHM sem verða m.a. kynntir: Styrktarsjóður og orlofssjóður BHM auk STRÍB, VIRK sjóður (endurhæfing f. þá sem eru í starfi en þurfa stuðning, t.d. sálfræðistuðning o.s.frv.). HS ber ábyrgð á framkvæmd, HG fylgir eftir.
3. Drög að reglum um námssjóð FHA  
Drögin lögð fyrir fundinn, en vísað aftur til nefndarinnar. Þarf að skoða orðalag og reglur betur. Stjórn hvetur nefndina til að ljúka vinnu við þetta.
4. Samkomulag um fámenn námskeið  
Farið yfir samþykkt framkvæmdarstjórnar vegna greiðslna fyrir fámenn námskeið. Félaginu boðið að gera athugasemdir. Samstarfsnefnd gerir ekki athugasemdir svo lengi sem ekki kemur í ljós að greiðslur hafi verið betri áður. Auk þess þarf að skoða sérmál sem koma upp. Stjórn FHA er samþykk samkomulaginu með fyrirvara um ef athugasemdir koma frá félögum.
5. Önnur mál
  - a) Umsóknir í styrktarsjóð FHA sem samþykktar hafa verið í tölvupóstum til stjórnarmanna staðfestar.
  - b) Ósk frá Viðskipta- og raunvísindadeild um þátttöku í kostnaði vegna viðurkenningarplaggs til leikskólanna sem teiknuðu myndir í tilefni vígslu nýbyggingar háskólans 28. ágúst sl. Stjórn FHA beinir hugmyndinni til markaðssviðs HA.
  - c) Stjórnarmeðlimir (HG, ESF, KG og RG) skrifa undir prókúru handa gjaldkera félagsins (PB) og framkvæmdastjóra (HS).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00